

Erindi íbúa í hverfinu, Sigrúnar Einarsdóttur til íbúaráðs Háaleitis og Bústaða dags 8. júní 2020.

Sæl Dóra

Ég sendi inn ábendingu í nóvember 2018 vegna gönguljósa á gatnamótum Kringlumýrar og Miklubrautar, það er of stutt bil á milli gönguljósa og beygjuljósa þar sem fólk er að beygja til vesturs inn Miklubrautar af Kringlumýrarbrautar. Eina svarið sem ég fékk er að það væri verið að vinna í þessu. Þetta hefur enn ekki verið lagað.

Undantekningalaust beygja bílar á gulu og bruna yfir sem þýðir að þeir eru að keyra yfir göngubrautina þegar er komið grænt þar. Ég bendi á að í kringum þessi gatnamót eru 3 barnaskólar, 3 leikskólar, 1 framhaldsskóli og 1 íþróttafélag, þarna hlaupa börn um alla daga. Ég sjálf hef farið yfir þessi gatnamót gangandi á hverjum degi í 4 ár og furða mig hreinlega á því að ég hafi ekki orðið vitni af alvarlegu slysi. Það verður að tryggja öryggis gangandi á þessum gatnamótum betur og raun ætti að vera brú eða undirgöng um þessi mest fjölförnu gatnamót borgarinnar. Og ég tala nú ekki um þegar er verið að bæta í íbúðarými á þessu sama svæði.

Annað mál sem er mjög brýnt, er að setja gönguljós, göngubrú eða undirgöng yfir/undir Kringlumýrarbrautina á milli Miklubrautar og Háaleitisbrautar. Ég bý í Álftamýri og með gott útsýni þarna yfir og fólk hleypur þarna yfir og reynir að hoppa yfir grindverk og er að detta og annað, ekki síst börn og unglingar. Þetta er mikil umferðagata og oft ekki gott skyggni hvort að bílar séu að koma og þeir koma á miklum hraða. Það var hola í grindverkinu sem fólk notaði, sem núna er búið að laga en var í raun betra að væri því þá var fólk ekki að þríla og lenda í sjálfheldu á umferðareyjunni. Það er alltof langt á milli gönguljósa og slæm tenging yfir í 105 og á milli leikvalla, skóla og annað.

Ef þetta er ekki réttur vettvangur til að benda á þetta þá væri ég þakklát ef þú myndir benda mér hvert ég get sent þetta erindi.

Bkv. Sigrún Einarsdóttir